

Ársskýrsla faghóps um vefstjórnun Ský 2020

Á síðasta ári hélt faghópur um vefstjórnun þrjá hádegisfundi. Fyrsti fundurinn átti að vera í mars en þá var sett á samkomubann. Eins og flestir aðrir fundir ársins 2020 voru hádegisfundirnir síðan haldnir á netinu. Þeir voru að engu síður vel sóttir, ekki síður en þeir fundir sem haldnir hafa verið síðustu ár.

Form fundanna var aðeins annað. Fyrir utan að vera á netinu þá voru þeir styttri. Þrír eða fjórir fyrirlesarar skiptu með sér klukkustund. Pallborðsumræðum sem oft höfðu verið og spurningum úr sal var sleppt. Þetta virtist mælast vel fyrir hjá áhorfendum. Framkvæmdin gekk almennt vel fyrir utan smávægilegra hnökra í tæknimálum í upphafi.

Erindin sem flutt voru á fundunum fjölluðu, eins og gefur að skilja, um vef- eða stafræna þróun út frá ýmsum sjónarhornum. Leitast var við að bjóða upp á umfjöllunarefni sem tengdust því sem var í sviðsljósinu og/eða annað það sem fundargestir stungu upp á. Fyrirlesarar komu líka úr ólíkum áttum þannig að úr varð góð blanda.

Það er fjölbreyttur og sívaxandi hópur og sem kemur að vefmálum, fólk af ýmsum sviðum atvinnulífsins. Umræðan um vefmál, stafræna þjónustu og lausnir á erindi til margra. Við sjáum það líka af góðri þátttöku á fundunum. Það má því vera ljóst að það er nokkur pressa á faghóp um vefstjórnun hjá Ský að standa sig og bjóða upp á vandaða dagskrá.

Sem áður var markmið með fundunum að gestir fengju innblástur og hugmyndir, jafnframt hagnýtar upplýsingar og dæma sem nýttust í starfi.

Fyrsti fundur ársins var ekki haldinn fyrr en 13. maí. Hann var í samstarfi við nýjan faghópi innan Ský, um nýtingu gagna. Heiti fundarins var *Birting gagna með mælaborðum* og spurt var *Hvað ber að hafa í huga og hvernig hafa aðrir gert þetta?* Hann átt að sjálfsögðu að halda á Grand Hótel og vera í mars en var síðan á netinu. Það var mikill áhugi á umfjöllunarefninu og yfir tvö hundruð manns skráðu sig.

Áhrif Covid-faraldursins var umfjöllunarefni á öðrum fundi faghópsins. Spurt var, *Hverju breytir þessi þróun til framtíðar?* Fjórir fyrirlesarar sögðu frá reynslu af aukinni stafrænni þjónustu nú á tímum Covid-19 og hvernig þeir sæju að sú umbreyting ætti eftir að hafa áhrif. Fundurinn var haldinn 23. september, á netinu og með ríflega 100 áhorfendum.

Síðasti hádegisfundurinn var svo 9. desember. Þar fjölluðu fjórir fyrirlesarar um vefgreiningar frá ýmsum hliðum. Meðal annars voru sagðar reynslusögur af vel heppnuðum verkefnum þar sem góður undirbúningur og greining höfðu skilað árangri. Yfirskriftin var *Allt er vænt sem vel er greint*. Ólíkt fyrri fundunum tveim komu fyrirlesarar ekki saman og einn fyrirlesturinn var tekin upp áður. Engu að síður gekk allt vel og þátttaka var góð.

Ef marka má niðurstöður úr mati þátttakenda á fyrrgreindum fundum þá hefur tekist vel með bæði skipulag og fyrirlesara. Það er hvetjandi fyrir stjórn faghópsins og eykur viljan til að vanda áfram vel til verka.

Stjórnina hafa skipað Björn Sigurðsson (Umbra – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins), Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir (Advania), Sigrún Ásta Einarsdóttir (A4), Auður Karítas Þórhallsdóttir (Origo). Tveir nýir stjórnarmeðlimir komu inn í byrjun árs, þær Guðrún Skúladóttir (Íslandsbanki) og Hrafnhildur B. Stefánsdóttir (Embætti landlæknis).

F.h. stjórnar faghóps um vefstjórnun

Björn Sigurðsson